

FREKARI INNHEIMTA

Sjónvarpsleikrit

eftir

Benóný Ægisson

© Benóný Ægisson 11.4.2016 - 5.útg.

Persónur:

SIGURJÓN ungur athafnamaður
ALDA konan hans
BERGPÓR handrukkari

*Upphafstitlar.**Úti.*

ALDA ekur bíl sínum í stæði fyrir framan ríkmannlegt einbýlishús. Jeppi SIGURJÓNS er fyrir í stæðinu og ALDA furðar sig á því. Hún tekur innkaupapoka, merкта ýmsum fataverslunum, út úr bílnum og fer inn í húsið.

Íbúð SIGURJÓNS og ÖLDU.

Húsgögn, listaverk og aðrir innanstokksmunir eru nútímalegir og dýrir. SIGURJÓN situr og vinnur á fartölvu. Hann er ungur kaupsýslumaður. Honum virðist vera þungt í skapi og hann stynur öðruhvorum. ALDA kemur inn.

ALDA

Af hverju ertu ekki í vinnunni.

SIGURJÓN *annarshugar*

Ég er að fara.

ALDA byrjar að tína föt upp úr pokunum.

ALDA

Það er ekkert ódýrara að fara til útlanda að versla. Sjáðu (*sýnir flík*), þessi er nákvæmlega eins og sú sem ég var að spá í í London. 7900 krónur! Hún kostaði yfir hundrað pund í Oxford Street.

SIGURJÓN

Áttu ekki nóg af fötum?

ALDA fer úr fötunum sem hún er í og mátar flíkurnar

ALDA

Sko, merkjavaran er hlutfallslega ódýrari hérna. Það er draslið sem er dýrt.

ALDA skoðar sig í spegli. Hún stígur upp á stól til að geta séð betur.

ALDA

Rosalega er skrítið snið á þessu. Það er eitthvert vansnið.. (*kíkir á vörumerkið*) Nei, það getur ekki verið. (*þögn, skoðar sig*) Finnst þér ég vera feit í þessu?

SIGURJÓN *án þess að líta upp*

Þú ert ekkert feit.

ALDA

Ég var ekki að meina það. Ég var að spyrja hvort ég væri feit í þessu.

SIGURJÓN

Ef þú ert ekkert feit geturðu varla verið feit í þessu.

ALDA

Af hverju geturðu aldrei svarað eins og maður. (*Þögn*) Sum föt eru bara þannig að maður er feitur í þeim.

SIGURJÓN

Þú ert ekkert feit.

ALDA

Það er alltaf jafnmikil hjálp í þér.

Þögn.

ALDA

Kannski ég ætti að byrja aftur í líkamsræktinni.

SIGURJÓN lítur upp, hættir við að segja eitthvað. Hann stendur upp og lokar fartölvunni.

SIGURJÓN

Jæja. Ég er farinn

ALDA

Verðurðu lengi?

SIGURJÓN

Hverskonar yfirheyrslur eru þetta?

ALDA

Ég bara spurði.

SIGURJÓN

Einhver þarf að vinna fyrir þessu (*bendir á fötin og tekur síðan alla íbúðina inn í bendinguna*).

ALDA

Ég vildi alveg halda áfram að vinna. Það varst þú sem.. (*Þögn*) Á ég að elda?

SIGURJÓN

Ég hringi í þig. (*fer*)

ALDA kallar á eftir honum

Þú gætir bara keypt kínverskt eða eitthvað!

ALDA mátar flíkur og það er augljóst að hún er eitthvað vansæl. Hún tekur upp þráðlausan síma og hringir. Heldur áfram að máta og þegar BERGPÓR kemur inn eru fót hennar ósamstæð og hún að hluta klæðlítill t.d. í skóm og jakka en buxnalaus.

ALDA

Halló! Didda? Hæ! .. Nei. Fór bara í búðir og svoleiðis. En þú?.. Hvað segirðu? Út af hverju?.. Nú, fórstu? Og hvernig var?.. Nú var það svoleiðis. Eitthvað nýaldar-eitthvað.. Svitaviti?.. Síberískur töframaður?.. Í alvöru?.. Já.. Já.. Já..

Úti.

Sigurjón sest upp í jeppann og ekur burt. Bíll BERGPÓRS kemur aðvífandi og rennur upp í stæðið þar sem jeppi SIGURJÓNS var áður.

Íbúð SIGURJÓNS og ÖLDU.

BERGPÓR kemur inn í stofuna. Hann er vöðvabúnt um þrítugt. Hann virðir fyrir sér íbúðina og ÖLDU. ALDA snýr frá honum og heldur áfram að tala í símann.

ALDA

Og fóru svo allir úr?.. Og þú líka?.. Var þetta ekkert skrítið?.. Guð. Ég vona að húðin jafni sig.. Ég?.. Ég veit það ekki Didda. Ég er ekkert fyrir svona.. Nú, fannstu mikinn mun? (*snýr sér við og sér Bergþór*) Heyrðu, það er.. Bíddu aðeins.. (*við Bergþór*) Heyrðu..

ALDA bendir með símanum á BERGPÓR. Hann tekur símann af henni, slekkur á honum og fleygir honum í sófann.

ALDA

Heyrðu!

BERGPÓR

Alveg þrýðilega.

ALDA

Hvað á þetta að þýða? Hvernig komstu inn?

BERGPÓR

Það er bara spurningakeppni.

ALDA

Hvað viltu eiginlega?

BERGPÓR

Ég þarf að hitta manninn þinn. Við erum kunningjar.

ALDA

Þú og Jonni?

BERGPÓR

Heitir hann Jonni? Ég hélt að það væri eitthvað annað nafn. (*dregur upp vasabók og kíkir í hana*) Sigurjón Magnússon. Kallarðu hann Jonna?

ALDA

Hvað kemur þér það við hvað ég kalla hann?

BERGÞÓR

Hvað er að því að kalla hann Sigurjón? Það er ágætt nafn. Hvar er hann?

ALDA

Jonni?

BERGÞÓR

Sigurjón!

ALDA

Hann er ekki heima.

BERGÞÓR

Þá bíð ég bara.

ALDA

Hann.. Hann er í vinnunni.

BERGÞÓR

Það verður að halda hjólum atvinnulífsins gangandi. (*bendir á tölvu Sigurjóns sem liggur á borðinu*) Hann hefur varla farið langt. Svona týpur komast ekki af án tölvunnar sinnar.

ALDA

Þú getur ekki beðið hér. Ég.. Ég er að fara út.

BERGÞÓR

Þú ferð ekki neitt. Við bíðum hér.

ALDA

Hvað viltu honum?

BERGÞÓR

Það er einkamál.

ALDA

Hvernig þá?

BERGÞÓR

Ekki milli mín og hans. Milli hans og manns sem ég er fulltrúi fyrir. Ég þekki hann ekki neitt.

ALDA

En þú sagðist vera kunningi hans.

Maður segir nú svo margt.
BERGÞÓR

Hvernig komstu eiginlega inn?
ALDA

Maður hefur ráð undir rífi hverju.
BERGÞÓR

Þetta er innbrot. Ég hringi í lögregluna.
ALDA

Ég myndi ekkert vera að því.
BERGÞÓR

Út úr mínum húsum!
ALDA

Áttu mörg?
BERGÞÓR

Mörg hvað?
ALDA

Hús. Merkilegt að fólk noti fleirtölumyndina þegar það á yfirleitt bara við eitt.
BERGÞÓR

ALDA gengur að sófanum til að ná í símann. BERGÞÓR grípur í hana.

Slepptu mér!
ALDA

Æ, ætlarðu að fara að vera með eitthvert vesen?
BERGÞÓR

Slepptu!
ALDA

BERGÞÓR grípur um axlir ÖLDU og ýtir henni niður í stól.

Þú fyrirgefur. Þetta er ekkert persónulegt. Það er bara reynsla mín að það sé best að útkljá málin án mikilla utanaðkomandi afskipta.
BERGÞÓR

Hvað ætlarðu að gera?
ALDA

Gera? Bíða eftir manninum þínum.
BERGÞÓR

ALDA

Hvað ætlarðu að gera við mig?

BERGPÓR

Finnst þér að ég ætti að gera eitthvað við þig?

ALDA

Nei. Þú vogar þér ekki..

BERGPÓR

Veistu hvað? Ég er hættur öllu tilefnislausu ofbeldi. Mitt erindi er við manninn þinn.

ALDA

Ætlarðu að gera honum eitthvað.

BERGPÓR

Sko! Maðurinn þinn hefur verið afar fyrirhyggjulaus í fjárfestingum. Reyndar í fleiru en það kemur þessu máli ekkert við.

ALDA

Hvað meinarðu?

BERGPÓR

Sjáðu til. Þegar maður fjárfestir fyrir annarra manna peninga þá er betra að maður geti borgað þeim til baka.

ALDA

Þetta hlýtur að vera einhver misskilningur.

BERGPÓR

Því miður væna mín. Því miður. (*Reynir að slá hlutunum uppí grín og bendir á einn verðmiðann sem hangir enn á fötum Öldu*) Þú ert bara verðmerkt.

ALDA

Ha? Já ég var..

BERGPÓR

Bara að grínast. (*Lítur á einn verðmiðann og blístrar til að sýna að honum finnst mikið til um*) Ég gæti lifað á þessu í viku.

ALDA kemst að þeirri niðurstöðu að maðurinn sé geðveikur, jafnvel hættulegur geðsjúklingur, og ætlar að beita kænsku. Hún er með farsíma í töskunni sinni sem ætlar að ná til. Hún reynir því að fá BERGPÓR til að hugsa um eitthvað annað á meðan.

ALDA með uppgerðaráhuga

Hvað gerirðu?

BERGPÓR

Er það ekki nokkuð augljóst. Ég er rukkari.

ALDA

Er það ekki spennandi starf? Ég meina.. þú hlýtur að hitta fullt af fólki.

BERGÞÓR

Já. Fólki sem vill ekki hitta mig.

ALDA

Hvaða vitleysa. Þú ert afskaplega góður hlustandi og ég er viss um að þú hefur heilmiklu að miðla öðrum.

BERGÞÓR

“Borgaðu eða ég brýt á þér hnéskelina”. Jújú. Það eru allir tilbúnir til að segja mér ævisöguna sína.

ALDA starir á BERGÞÓR, kreistir síðan upp hlátur.

ALDA

Ha ha. Þú hefur aldeilis húmorinn í lagi.

BERGÞÓR

Finnst þér þetta fyndið?

ALDA

Ha? Já.. Ja.. Ég..

BERGÞÓR

Þér finnst ef til vill velútfært ofbeldi vera skemmtiefni?

ALDA

Ja.. ég hef eiginlega ekki myndað mér neina skoðun á því.

BERGÞÓR

Þegar ég var krakki leysti ég öll mál með ofbeldi. Og þegar ég kom aftur í bæinn brást ég við ferringu borgarlífsins með því að beita tilefnislausu ofbeldi. Siggvi svartí bjargaði mér út úr þessum vítahring og gaf lífi mínu tilgang með því að láta mig fá þetta starf.

ALDA

Siggvi svartí?

BERGÞÓR

Sigurður Eysteinnsson. Hdl. Hann kaupir vonlausar kröfur með afföllum og við hjá Þétu handtaki sjáum um innheimtuna. (*gengur að glasaskáp*) Eru þetta Holmegård-glös?

ALDA

Hefurðu vit á antík?

BERGÞÓR

Í mínu starfi fer ekki hjá því að maður læri ýmislegt. Art deco línan þeirra ef mér skjátlást ekki.

ALDA hefur náð símanum uppúr töskunni og er að reyna að hringja. BERGÞÓR verður þess var og gengur til hennar og tekur af henni símann og lyftir henni upp úr stólnum.

ALDA

Ekki meiða mig!

BERGÞÓR

Hvert varstu að reyna að hringja?

ALDA

Slepptu mér! Gerðu það!? Leyfðu mér að fara.

BERGÞÓR

Hvert varstu að hringja?

ALDA

Í Jonna, auðvitað.

BERGÞÓR *lítur á símann*

112. Stutt númer hjá honum Sigurjóni? (*ýtir henni niður í stólinn aftur. Skoðar símann*) Flottur sími. Hvað kostaði hann?

ALDA

Ég veit það ekki. Jonni.. Sigurjón gaf mér hann.

BERGÞÓR

Örugglega sextíu, sjötíuþúsundkall. (*hugsar sig um. Velur númer og réttir Öldu símann*) Ókei. Segðu honum að koma strax. Ekkert annað. Mundu að ef þú segir einhverja vitleysu þá verður ofbeldi ekki lengur tilefnislaust.

ALDA *tekur við símanum*

Jonni.. Sigurjón! Þú verður að koma heim.. Já, það er mjög áriðandi. (*leggur hönd yfir símtólið og segir við Bergþór*) Má ég segja honum að það sé kominn maður til að finna hann?

BERGÞÓR

Já. En ekki hver það er.

ALDA

En ég veit ekki hvað þú heitir.

BERGÞÓR

Bergþór. En ekki segja honum það.

ALDA í símann

Það er kominn maður að finna þig.. Ég veit það ekki, ég þekki hann ekkert. Hvar ertu?

SIGURJÓN kemur inn talandi í farsíma

Ég er að koma inn úr dyrunum.

ALDA áfram í símann

Koma inn úr dyrunum? Hvar?

SIGURJÓN

Heima. Hérna.

ALDA lítur til dyra. Þau horfast í augu en þrátt fyrir það halda þau áfram að tala í símana þar til Bergþór tekur símann af ÖLDU og stingur honum í vasann.

ALDA

Hvað, ertu kominn?

SIGURJÓN

Ég gleymdi.. Hver er þessi maður.

ALDA lítur spyrjandi á BERGPÓR sem kinkar kalli.

ALDA

Hann er rukkari.

SIGURJÓN

Hvað er að sjá útganginn á þér? Hvað voruð þið eiginlega að gera?

BERGPÓR tekur símann af ÖLDU og stingur honum í vasann.

BERGPÓR

Þú situr kyrr!

SIGURJÓN

Hver ert þú? Hvaða rétt þykist þú hafa til að skipa konunni minni fyrir?

BERGPÓR

Bergþór Bergvinsson frá Þéttu handtaki ehf. Ég átti að skila kveðju frá Sigga svarta.

BERGPÓR réttir SIGURJÓNI höndina og SIGURJÓN tekur í hana í fátí.

SIGURJÓN órólegur

Hvað viltu mér?

BERGPÓR

Ég er hérna út af jeppanum þínum. Eða réttara sagt: Jeppanum sem þú ekur.

SIGURJÓN

Hvað ertu að koma hingað út af jeppanum. Þú átt að koma á skrifstofuna.

ALDA

Um hvað er hann að tala? Áttu ekki jeppann?

SIGURJÓN

Auðvitað á ég jeppann. Eða þannig. Hann er á kaupleigu.

BERGPÓR

Rétt skal vera rétt, foringi. Hann var á kaupleigu alveg þangað til þú hættir að borga. Þá fór krafan í innheimtu en það gekk ekki neitt því þú borgaðir ekkert og þú átt ekki neitt svo hvergi er hægt að ganga að þér. Nú er krafan komin í frekari innheimtu og hér er ég.

ALDA

Áttu ekki neitt? Hver á þá húsið og fyrirtækið?

BERGPÓR

Þú.

ALDA

Ég?

BERGPÓR

Já þú.

SIGURJÓN

Það er bara formsatriði elskan mín.

ALDA

Af hverju hefurðu ekkert borgað?

SIGURJÓN

Það eru ástæður fyrir því.

BERGPÓR

Semsé: Gjaldfallin skuld uppá 3.567.893 með áföllnum innheimtukostnaði.

SIGURJÓN

Þrjár og hálf milljón! Þrjár og hálf milljón! Það er meira en jeppinn kostaði.

BERGPÓR

Það er dýrt að svara ekki bréfum frá Sigga svarta.

SIGURJÓN

Ef þér dettur í hug að ég borgi þrjár og hálf milljón þá ertu hálfviti.

BERGPÓR

Þó ég hafi ekki stúdentspróf og reynsluheimur minn takmarkist við það að brjóta hnéskeljar og klippa tær af skuldseigum náungum eins og þér, þá gefur það þér engan

rétt til að gera lítið úr gáfnafari mínu. (*þögn*) Jú, ég reikna með að þú borgir mér þrjár og hálf milljón. Ég fer ekki fyrr.

SIGURJÓN

Nú skalt þú hypja þig út!

BERGPÓR

Því miður. Ég get ekki farið fyrr en ég fæ borgað. Ég verð að hugsa um orðspor fyrirtækisins.

SIGURJÓN

Út!

BERGPÓR

Þú skalt ekki vera að eyða tímanum í svona derring. Þér væri nær að segja mér hvernig þú ætlar að útvega peningana.

SIGURJÓN

Ef þú ferð ekki út neyðist ég til að henda þér út.

BERGPÓR

Það verður hver maður að gera það sem honum ber að gera.

SIGURJÓN

Ég æfi bæði karate og akídó svo þú skalt vara þig.

SIGURJÓN gengur til BERGPÓRS til að gera alvöru úr hótun sinni. Hann grípur til BERGPÓRS en fyrr en varir liggur hann emjandi á gólfinu.

ALDA hleypur til Sigurjóns

Hvað gerðirðu við hann?

BERGPÓR

Þetta var ekkert. Ég braut bara á honum löngutöngina.

ALDA

Braustu á honum fingurinn?

BERGPÓR

Bara á vinstri. Hann er ekki óvinnufær.

ALDA

Gastu ekki gert eitthvað annað?

BERGPÓR

Auðvitað hefði ég getað rotað hann. Menn sem hafa svona langan formála að því að slást langar í raun og veru ekki til þess. En hann verður að vera með meðvitund til að skilja alvöru málsins. Það sparar mér vinnu og honum óþarfa sársauka.

ALDA

Hann þarf að komast á spítala.

BERGPÓR

Um leið og hann gerir viðeigandi ráðstafanir til að borga skuld sína má hann fara hvert á land sem er. (*þögn*) Jæja foringi! Hvað geturðu skrapað saman miklu reiðufé?

SIGURJÓN *sárkvalinn*

Ég veit það ekki. Fimmtíu þúsund.

BERGPÓR

Fimmtíu þúsund. Ertu að grínast? Það dygði Sigga svarta ekki einusinni fyrir kvöldmat á Holtinu. Hann yrði að sleppa vindlunum.

SIGURJÓN

Hundrað kannski.

BERGPÓR

Nú skal ég segja þér hvað við gerum. Ég skrepp á privatið og á meðan bræðið þið með ykkur hvernig þið ætlið að fara að. (*Hann gengur í átt til dyra, en snýr við og gengur til Sigurjóns*) Ætli það sé ekki best að ég taki símann þinn með mér?

SIGURJÓN réttir honum símann. BERGPÓR stingur símanum í vasann. Hann gengur að móðurstöð þráðlausa símans og slítur hana úr sambandi. Fer síðan út.

ALDA

Hversvegna varstu að espa hann svona?

SIGURJÓN

Ég? Hérna ryðst einhver náungi inn með ofbeldi og það er allt í einu orðið mér að kenna.

ALDA

Hann væri ekki hérna ef þú hefðir borgað skuldir þínar.

SIGURJÓN

Er þá bara allt í lagi að fingurbrjóta menn ef þeir eru skuldugir?

ALDA

Maður rökræðir ekki við svona menn. Láttu bara eins og þú samþykkir allt sem hann segir og fáðu hann til að tala um sjálfan sig. Þegar hann uggir ekki að sér þá.. (*þagnar*)

SIGURJÓN

Þá hvað?

ALDA

Ég veit það ekki. Eitthvað. (*þögn*) Við verðum að gera eitthvað. Svona menn eru til alls vísir.

SIGURJÓN

Hvað veist þú um svona menn?

ALDA

Ég er stúdent af sálfræðibraut. Það er meira en þú getur sagt.

SIGURJÓN

Maggi gæti kannski reddað mér milljón.

ALDA

Og hvernig eigum við að geta borgað hana?

SIGURJÓN

Finnst þér það vera málið núna? Hvernig við getum borgað?

ALDA

Nei. Auðvitað ekki.

SIGURJÓN

Ég hringi í Magga (*þreifar eftir símanum sínum*) Andskotinn, hann tók símann. Mér finnst ég vera nakinn án hans.

BERGÞÓR *utansviðs*

Rosalegt klósett.

ALDA

Mundu að samþykkja allt sem hann segir.

BERGÞÓR *kemur inn*

Kranarnir? Eru þeir úr gulli?

SIGURJÓN *brosir vingjarnlega til Bergþórs*

Nei. Þeir eru bara gullhúðaðir.

BERGÞÓR

Og marmarinn, maður lifandi. Menningararfur Grikkja og Rómverja bliknar nú bara í samanburði við þetta. Þeir geta þetta foringjarnir. Hvernig er fingurinn?

SIGURJÓN

Þetta hefst.

BERGÞÓR

Jæja. Komust þið að einhverjum greindarlegum niðurstöðum?

SIGURJÓN

Ég gæti hugsanlega útvegað milljón. Ef þú lánar mér símann minn.

BERGÞÓR *réttir Sigurjóni símann*

Nú líst mér á þig, foringi.

SIGURJÓN *hringir*

Maggi minn.. Ég er í smávandræðum, Maggi minn. Mig vantar milljón.. Já. Ég þarf hana strax. Í reiðufé.. (*hlær*) Neinei, ég er ekkert kominn í dópbransann.. Mér liggur á þessu Maggi minn. Þú veist, lausafjárstaðan er slæm og það er maður hjá mér.. Já, einmitt.. Þrjátíu prósent! Tuttugu?.. Tuttugu og fimm?.. Allt í lagi, þrjátíu.. Þú sendir þá einhvern með þetta? Ég er heima.. Þakka þér fyrir Maggi minn. Blessaður.

BERGÞÓR *tekur símann af Sigurjóni*

Ekki lengi að því sem lítið er.

SIGURJÓN

Þá þurfum við bara að bíða eftir peningunum.

BERGÞÓR

Bíddu bíddu. Enn vantar tvær og hálf millu.

SIGURJÓN

Þú hlýtur að geta gefið mér gjaldfrest á það.

BERGÞÓR

Heyrðu foringi. Þú átt erfitt með að skilja þetta. Ég fer ekki fyrr en ég fæ borgað að fullu.

SIGURJÓN

Hvað áttu við?

BERGÞÓR

Ég fer ekki. Svo! Hvað áttu? Verðbréf? Bankainnistæður? Hlutabréf? Erlendan gjaldeyri?

ALDA

Geturðu ekki bara tekið bílinn?

BERGÞÓR og SIGURJÓN líta forviða á ÖLDU

BERGÞÓR

Það gæti ég aldrei gert. Hvernig geturðu lagt þetta til?

SIGURJÓN

Hver tæki mark á mér ef ég væri ekki á jeppa?

BERGÞÓR

Maðurinn og bíllinn hans eru eitt. Þeir eru eins og skjaldbaka; dýrið og skjöldurinn geta ekki án hversannars verið. Án dýrsins er skjöldurinn gagnslaus og dauður og án skjaldarins er dýrið varnarlaust.

SIGURJÓN

Góð samlíking!

BERGÞÓR

Að taka bíl af manni er að svipta hann frelsinu.

ALDA

Mér datt þetta bara í hug. Ef þér er það svona mikið á móti skapi..

SIGURJÓN

Við eigum tvær milljónir í hlutabréfum.

BERGÞÓR *dregur upp vasabók sem hann færir allar tölur í*

Gott. Segjum, hálf milljón í afföll. Þá erum við komnir í tvær og hálf. Vantar bara milljón. (*tekur upp farsímana*) Segjum fimmtíu þúsundkall fyrir báða símana.

SIGURJÓN

En þeir eru miklu meira virði.

BERGÞÓR

Heyrðu! Ég er að gera þér greiða, foringi. Auðvitað eru afföll af svona gömlu drasli og svo er kostnaður af því að selja það. (*þögn*) Tvö hundruð þúsund fyrir græjurnar og sjónvarpið.

SIGURJÓN

Tvö hundruð þúsund! En þetta eru gæðamerki.

BERGÞÓR

Það skiptir engu hvað draslið heitir. Þetta er allt sett saman í Kóreu eða Indónesíu hvort sem er. Ég fæ ekki meira en tvö hundruðkall fyrir þetta. Hvað eigið þið fleira?

ALDA

Hvað með húsgögnin?

BERGÞÓR

Ég nenni ekki að standa í burði. Ég tognaði í bakinu þegar ég var að lyfta um daginn.

SIGURJÓN

Svo þú æfir lyftingar?

BERGÞÓR

Ekki lengur. Bara smá til að halda massanum.

SIGURJÓN

Ég hef dálítið verið að æfa í World Class. Kemurðu stundum þangað?

BERGÞÓR

Lít ég út fyrir að vera gæi sem stendur á glansgalla með g-strenginn strekktan uppí rassgatið og æfir sig fyrir framan spegil? Nei foringi. Ég fer á staði þar sem armkrikalyktin er ekta og ómenguð af öllum efnablöndum.

SIGURJÓN

Ég á þrekhjól og bekk úti í bílskúr.

BERGPÓR

Er það í lagi?

SIGURJÓN

Það er næstum ónotað.

BERGPÓR

Hundrað þúsund.

SIGURJÓN ætlar að mótmæla en ALDA stoppar hann. Undir eftirfarandi samtali ÖLDU og BERGPÓRS felur SIGURJÓN fartölvuna sína svo lítið ber á)

ALDA

Veistu hvað, Berþór? Þú ert einhvern veginn allt öðruvísi en maður hefði búist við af manni eins og.. af manni í þinni stöðu. Þú talar svo gott mál.

BERGPÓR

Það er líklega vegna persónuleikaröskunar í uppeldinu. Ég var sendur í sveit í afdal á Vestfjörðum og þar var töluð íslenska. Ég var hjá systkinum sem höfðu ekkert rafmagn, vatnið var sótt í lækinn og svo skeit maður í flórinn. Ég var þarna þangað til systkynin drápust og einhverir fjarskyldir ættingjar gerðu tilkall til jarðarinnar.

ALDA

Hvílík æska! (*þögn*) Hefur þig aldrei langað til að verða eitthvað annað?

BERGPÓR

Þetta er ágætt eins og það er.

ALDA

Maður með þína hæfileika ætti að fara í nám.

BERGPÓR

Nám? Ég hef ekki efni á því.

ALDA

Það er hægt að taka lán. Hann Sigurjón gæti aðstoðað þig, hann er sérfræðingur í öllum lánamálum. Er það ekki.. Sigurjón?

Það kemur fát á SIGURJÓN því hann er í þann mund að koma tölvunni undan.

SIGURJÓN

Eeee.. jújú. Auðvitað.

BERGPÓR

Mér var kennt að skulda aldrei neinum neitt. Það verður að afla til að eyða. Ég nota ekki krítarkort og kaupir aldrei neitt nema eiga fyrir því.

ALDA

Merkileg heimspeki!

BERGPÓR

Sjáðu til! Ég fór í skóbúð um daginn, það var brjáláð að gera og sambandið slitnaði við greiðslukortafyrirtækin. Heyrðu! Allt varð stopp og líðið stóð bara og klóraði sér í... nefinu. Nema ein stelpa, sem virtist klárari en hinar. Hún gekk á röðina og spurði hvort einhver ætlaði að borga með peningum. Og hvað heldurðu? Af tuttugu manns var ég sá eini sem átti fyrir því sem hann var að kaupa.

ALDA

Að hugsa sér.

BERGPÓR

Jæja! Það má ekki kjafta frá sér allt vit. (*við Sigurjón*) Úrið þitt!

SIGURJÓN tekur af sér úrið og réttir honum.

BERGPÓR

Rólex! Hundrað þúsund kall. (*bendir á glasaskáp*) Glösin. Fimmþúsund kall stykkið! Hvað eru þau mörg?

ALDA

Tólf.

BERGPÓR

Sextíu þúsund.

BERGPÓR tekur upp listaverk.

SIGURJÓN hleypur til

Farðu varlega með þetta. Þetta er rándýrt listaverk.

BERGPÓR

Er það?

SIGURJÓN

Þetta er eftir mjög fræga listakonu. Hvað heitir hún aftur Alda?

ALDA

Valska. Valgerður Skagströnd.

BERGPÓR virðir gripinn fyrir sér

Fallegur gripur. (*þögn*) Nei. Það er ómögulegt að losna við þetta.

Réttir SIGURJÓNÍ gripinn sem kveinkar sér vegna brotna fingursins.

SIGURJÓN

Það eru til einhverjir skartgripir.

ALDA

Skartgripirnir mínir?

BERGPÓR

Ég get ekki tekið þá. Hún skuldar mér ekkert.

SIGURJÓN

Hvaða vitleysa. Þetta eru mjög góðir gripir. Alda! Farðu og náðu í þá.

ALDA horfir stundarkorn á SIGURJÓN en leggur síðan af stað til að sækja skartgripina. BERGPÓR horfir á eftir henni. SIGURJÓN notfærir sér það að athygli BERGPÓRS beinist frá honum og keyrir listaverkið í höfuðið á honum. BERGPÓR fellur í gólfið, steinrotaður. ALDA heyrir dynkinn og snýr sér við.

ALDA

Hvað hefurðu gert maður?

SIGURJÓN

Ég rotaði helvítið.

ALDA stumrar yfir Bergþóri

Hvar er púlsinn á honum. Ég finn engan púls (*réttir úr sér*) Þú hefur drepit hann.

SIGURJÓN

Farið hefur fé betra.

ALDA

Það er ekki víst að löggan líti svoleiðis á málin.

SIGURJÓN

Þetta var sjálfsvörn.

ALDA

Að berja hann niður aftanfrá?

SIGURJÓN

Heyrðu! Með hverjum stendur þú eiginlega?

ALDA

Ég veit það ekki.

SIGURJÓN

Veistu það ekki?

ALDA

Hef ég ekki fullan rétt á að vera ringluð. Ég var að komast að því að þú borgar ekki skuldir þínar. Þú ert ekkert að segja mér frá því og ekki heldur ekki því að ég sé stóreignamanneskja. Ég meina.. handrukkarinn okkar veit meira um fjármál okkar en ég. Hvað fleira veit ég ekki?

SIGURJÓN

Hvað áttu við?

ALDA

Um þig. Skuldarðu fleirum? Má ég búast við því að verða borinn út á næstunni. Mér finnst ég ekkert vita um þig lengur.

SIGURJÓN

Ég vildi ekki að þú hefðir óþarfa áhyggjur.

ALDA

Litla sæta Alda með kreditkortinu sitt úti í bæ, hefur ekki hugmynd um að hún á ekki fyrir því sem hún er að kaupa. Mér finnst ég vera svo heimsk.. og það er allt þér að kenna.

BERGPÓR

Þegar þeir byrja að ljúga þá geta þeir ekki hætt.

ALDA

Hann er lifandi.

BERGPÓR *sest upp alblóðugur en fagur*

Ég hef séð þetta allt áður. Þetta er fíkn. Það byrjar sakleysislega: Þeir segja að einkaritarinn sé gömul skrukka en hún reynist vera fegurðardís. Þeir þurfa að vinna eftirvinnu kvöld eftir kvöld: “Bara á meðan við erum að koma undir okkur fótunum, elskan”.

SIGURJÓN heldur á listaverkinu og reidir það yfir höfði BERGPÓRS. ALDA hleypur til og ýtir honum frá.

ALDA

Láttu hann vera.

Þegar BERGPÓR verður hættunnar var bröltir hann upp á hnén og skriður bak við ÖLDU.

BERGPÓR

Endalausar lygar. Ráðstefnurnar og viðskiptaferðirnar til útlanda eru í rauninni bara fyllerís- og mellutúrar. Veiðiferðirnar tómt yfirskin.

SIGURJÓN

Leyfðu mér að komast að honum.

ALDA *við Sigurjón*

Hverskonar maður ert þú? Ætlar að berja slasaðann mann.

SIGURJÓN

Þetta er ekki maður. Þetta er villidýr.

BERGPÓR

Þegar þeir ánetjast valdinu eru engin mörk, hvort sem það er kynferðisleg áreitni eða kvótabrask.

ALDA

Þú vilt kannski bara þagga niður í honum.

BERGPÓR

Þeir leigja íbúð handa viðhaldinu. Áður en varir eru þeir komnir með aðra fjölskyldu og færa þeir eignirnar yfir á kennitöluna ástkonunnar. Þeir fá sér nýjan einkaritara og svo koll af kolli.

ALDA klappar Bergþóri

Það er meira í hann spunnið en margan grunar

SIGURJÓN

Þú sagðir sjálf að hann væri til alls líklegur.

ALDA

Hann opnaði þó augu mín.

BERGPÓR

Að lokum hverfur siðferðiskenndin, þeir sjá ekki mun á réttu og röngu og ekkert heldur aftur af þeim.

SIGURJÓN reynir að komast að Bergþóri

Haltu þér saman!

BERGPÓR

Það er ekki aftur snúið fyrir þá því þeir hlusta ekki á þá sem vilja þeim vel.

ALDA krýpur hjá Bergþóri

Leyfðu mér að þerra af þér blóðið.

SIGURJÓN

Færðu þig Alda!

ALDA

Þú lætur hann í friði. Snautaðu út!

SIGURJÓN lætur styttuna síga

Hvað ertu að segja manneskja?

ALDA

Út með þig bara!

SIGURJÓN

Ertu að ganga af göflunum?

ALDA

Út úr mínum húsum!

BERGÞÓR

Fleirtölumyndin, enn og aftur.

SIGURJÓN *leggur frá sér styttuna*

Ég læt þig ekkert reka mig út.

ALDA

Farðu!

SIGURJÓN

Alda, reyndu nú að vera skynsöm..

ALDA

Út!

SIGURJÓN.

Hvert á ég að fara?

ALDA

Komdu þér bara út!

BERGÞÓR stendur upp og gengur til Sigurjóns

BERGÞÓR

Þú heyrðir hvað hún sagði, foringi. Hypjaðu þig!

SIGURJÓN hopar undan BERGÞÓRI, fórnar höndum í uppgjöf og gengur í átt til dyra.

BERGÞÓR *fylgir honum til dyra*

Ekki dugir að láta þig fara með vitið úr húsinu.

BERGÞÓR lokar á eftir SIGURJÓNI. Hann sækir fartölvuna í felustaðinn, gengur til ÖLDU og réttir henni tölvuna.

BERGÞÓR

Ætli það sé ekki betra að þú haldir þessu. Svo þú getir fylgst með skuldastöðunni.

ALDA

Já. Þakka þér fyrir.

BERGÞÓR gengur til dyra og ALDA horfir á eftir honum.

BERGÞÓR

Ég sendi bíl á eftir til að sækja draslið.

ALDA kinkar kalli. BERGÞÓR fer. ALDA gengur að borðinu sem SIGURJÓN sat við í upphafi leiksins, leggur tölvuna á það og sest. Hún opnar tölvuna og fyrstu lokatitlar birtast á skjánum.

Úti.

BERGÞÓR sest upp í bifreið sína og ekur inn í sólarlagið.

Lokatitlar.